

Námsáætlun 2016 – 2017

Námsgrein: Íslenska

7. bekkur

Íslenska 5 kennslustundir á viku

Góð þekking á móðurmálinu, eðli þess og sögu er nauðsynlegur þáttur í almennri menntun. Það er mikilvægt fyrir sjálfstraust nemenda að þeir nái færni á öllum sviðum tungumálsins. Að geta tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í ræðu og riti er gott veganesti út í lífið.

Námsgrein	Hæfniviðmið	Námsefni	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Lestur, bókmenntir og ljóð	Að nemendur -geti lesið texta við hæfi á góðum hraða og skilningi. -geti lesið fagurbókmenntir, þjóðsögur og ævintýri sér til yndisauka. -noti og skilji hugtök s.s. rím, ljóðstafi og boðskap úr ljóðum.	Garðurinn, valið efni frá kennara, lestrarbækur fyrir miðstig, Óðinn og bræður hans. Auk þess valdar bækur í heimalestur. Ljóðahefti útbúið af kennara. Tilfallandi efni úr dagsins önn. Valbók.	Upplestur, samlestur, hljóðlestur, PALS lestraraðferð. Kennsla frá töflu, hópavinna, umræður. Lestrarátök a.m.k. tvisvar sinnum yfir veturinn. Heimildavinna.	Lestrarpróf – atkvæðamæling að hausti og nokkrum sinnum yfir skólaárið. Símat
Stafsetning	Að nemendur þekki helstu atriði stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim.	Mál er miðill – ýmsar æfingar, lesbók og vinnubók.	Kennsla frá töflu, hópavinna, umræður.	Heimavinna metin, kannanir í tímum.
Málfræði	Að nemendur -geti notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti. -geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, -átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og þekki hlutverk þeirra og einkenni. -geri sér grein fyrir notagildi málfræðinnar t.d. reglur um stofn og uppruna orða.	Skrudda 1 og 2, Málrækt 3, ýmis verkefni og æfingar frá kennara.	Kennsla frá töflu, hópavinna, umræður.	Heimapróf, kannanir í tímum, símat.

Ritun og skrift	Að nemendur -geti skrifað læsilega með persónulegri rithönd. -geti nýtt sér ritvinnslu við gerð eigin texta þar sem hugmyndir og reynsla er notuð. -geti samið ljóð, sögur og skrifað ritgerðir og útdrætti. -geti rýnt í texta annarra höfunda og nýtt það við eigin ritun. -geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagna-grunnum, s.s. bókum og á rafrænu formi.	Valdar æfingar frá kennara.	Kennsla frá töflu, hópavinna, umræður. Upplýsingaöflun og meðferð heimilda.	Ritunarverkefni metin, símat.
Talað mál, hlustun og áhorf	Að nemendur -geti sagt frá atburðum skýrt og áheyrulega. -geti haldið athygli áheyrenda með aðstoð leikrænnar tjáningar. -geti hlustað og geti nýtt eigin reynslu til að skilja það sem sagt er. -eigi góð samskipti, geti hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt kurteisi.	Stóra upplestrarkeppnin – æfingar og efni sem henni fylgja. Upplestur á <i>Degi Læsis</i>.	Kennsla frá töflu, hópavinna, umræður.	Símat

Kennari, netfang

Helga Lyngdal helgal@akmennt.is og Sigríður Emilía Bjarnadóttir smilla@akmennt.is